Matsáætlun

Skólaárið 2026-2027

Unnið af:
Matsteymi leikskólans

Ábyrgð:
Skólastjóri

Inngangur

Matsáætlun skólans er skjalfest og markviss aðgerðaráætlun sem lýsir því hvernig á að meta stafssemi og/eða verkefni. Langtímaáætlun innramats er grunnurinn og þar inni er fjögurra ára tímabil inni. Tilgangurinn með matsáætluninni er að tryggja að allir þættir skólastarfsins séu metnir og markmiðin skýr, skipulögð, markviss og mælanleg – með það að leiðarljósi að stuðla að faglegu starfi og umbótum ef þörf er á.
Áætlunin er sett upp á kerfisbundinn hátt og byggir á viðurkenndum aðferðum úr breytingastjórnun og umbótastarfi.

Matsáætlunin inniheldur:

- Matsþætti – Skilgreinir hvað á að meta.
- Markmið – hvað stefnt er að í hverjum matsþætti.
- Aðgerðir – þær aðgerðir sem ákveðið hefur verið að ráðast í til að ná markmiðunum.
- Ábyrgðaraðila og framkvæmdaraðila – hver ber ábyrgð á framvindu og hver framkvæmir aðgerðirnar.
- Tímalínu – hvenær aðgerðir hefjast og ljúka.
- Viðmið um árangur og aðferðir við mat – hvernig árangur verður metinn og hvenær mat fer fram.

Matsáætlunin er unnin í samráði við hagsmunaaðila skólans og tryggir að ábyrgð og framkvæmd aðgerða sé í höndum starfsfólks skólans, enda er það á beinu forræði skólastjórnenda. Áætlunin er lifandi skjal sem tekur breytingum eftir þörfum og er hluti af stefnumarkandi vinnu skólans í þágu umbóta, gæða og árangurs.

Matsáætlun Barnaból

MATSÞÁTTUR	MARKMIÐ	AÐGERÐ	TÍMABIL	ÁBYRGÐ. AÐILAR	FRAMKV. AÐILAR	ÁRANGURSVIÐMIÐ	UMBÓTAMAT
Nám og kennsla: Inntak náms; árangur og framfarir; námshættir og námsvitund	Meta annaráætlunina okkar yfir desember, janúar og ferbrúar. Námssviðið er Umhverfi og menning. Útinám og leikir Nærumhverfi og sjálfbærni Fjölmenning Sköpun	Fara yfir og lesa úr niðurstöðum skólapúlsins. Hver hópstjóri metur hvern mánuð. Deildastjórar meta þessa önn í annaráætluninni og hversu vel inntak námsins og námshættirnir tengjsast námssviðunum.	des - feb	Deildastjórar	Deildastjórar og hópstjórar	Sjá matsblað með námsskrá Barnabóls	
Nám og kennsla: Námsumhverfi	a. Tryggja að allt húsnæði, innviðir og leiksvæði uppfylli öryggis- og heilsukröfur og séu reglulega yfirfarin til að tryggja velferð barna og starfsfólks. b. Skapa öruggt náms- og leiksvæði sem styður við líkamlegan og andlegan þroska, með áherslu á að öll leikföng, tækjabúnaður og innréttingar séu aðgengileg börnum með mismunandi þarfir. c. Áhersla er á vel hönnuð leiksvæði og útisvæði sem hvetja til frjáls leiks, hreyfingar og náttúrutengingar.	Að fylgjst með að rekstrarhandók leikskólalóðarinna sé fyllt út og nýtt á þann hátt sem ætlast er til. Spurningakönnun til kennara og starfsfólks varðandi öruggt náms- og leikskvæði inni	Okt - des	Matsteymi	Leikskóla-stjóri	√ Framkvæma heildaröryggisúttekt að minnsta kosti einu sinni á skólaári. √ Dagleg skoðun á leiksvæðum og búnaði. √ 100% öryggisbúnaður virkar og uppfærður. √ Halda skráningar yfir allt viðhald og viðgerðir √ 100% rýma uppfylli aðgengiskröfur. √ Að minnsta kosti 3 mismunandi gerðir af leiktækjum fyrir hvert aldursstig. √ 90% leikfanga og búnaðar aðgengileg öllum börnum. √ Árleg endurnýjun á 10 - 20% leikfanga og búnaðar.	

Matsáætlun Barnaból

MATSÞÁTTUR	MARKMIÐ	AÐGERÐ	TÍMABIL	ÁBYRGÐ. AÐILAR	FRAMKV. AÐILAR	ÁRANGURSVIÐMIÐ	UMBÓTAMAT
Mannauður **F**agmennska starfsfólks, starfsánægja og líðan; aðbúnaður á vinnustað	Ná sama eða bæta niðurstöðurnar frá því 2025	Spurningakönnun skólapúsins	des - febrúar	Matsteymi	Skólapúlsinn	Ná grænum/ mjög góð staða í öllum spurningum sem eru þarna undir.	
Skólabragur: Samstarf skóla og heimilis	Tryggja að samskipti við foreldra séu regluleg, uppbyggileg og gagnsæ til að auka traust og gagnkvæman skilning. Veita foreldrum góða innsýn í agastefnu skólanna sem byggir á sjálfstjórnarkenningum og ábyrgð barna á eigin hegðun og líðan.	• Setja reglulega upplýsingar um agasetefnuna okkar á heimasíuna og í vikupóstana. • Skrá niður hversu fljótt fyrirspurnum er svaraðþ. • Foreldtasamtöl og skrá mætingu foreldra	sept - apríl	Matsteymi	Deildastjórar/ leikskólastjóri	• Hver deildarstjóri hafi samband við alla foreldra einu sinni í mánuði og senda fjölpóst a.m.k. einu sinni í viku. • Svara öllum fyrirspurnum foreldra innan tveggja virkra daga. • Halda samtöl við forsjáraðila einu sinni til tvisvar á önn. • 100% forsjáraðilar mæti í samtöl.	
Stjórnun og skipulag: Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi; Stjórnun skólans;	Ná sama eð bæta niðurstöðurnar frá því 2025	Spurningakönnun skólapúsins	des - febrúar	Matsteymi	Skólapúlsinn	Að ná 95% í þeim spurningum sem eru þarna undir.	



Matsáætlun

Barnaból Þórshöfn

Dagsetning: Október 2026

Unnið af: Matsteymi leikskólans